

## Dalagisting ehf. Aðalfundur 2021.

Fimmtudaginn 18. mars 2021 var haldinn aðalfundur Dalagistingar ehf. að Laugum í Sælingsdal og hófst hann kl. 16:00.

Á fundinn eru boðaðir fulltrúar hluthafa. Hluthafar eru Dalabyggð (72,69%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,75%), Flugleiðahótel ehf. (7,57%), Búnaðarfélag Miðdala (6,64%) Búnaðarfélag Laxárdals (3,32%) og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar) Guðmundur Gunnarsson (fulltrúi Búnaðarfélaganna), Tryggvi Guðmundsson (fulltrúi Flugleiðahótela), Pálmi Jóhannsson, Anna Berglind Halldórsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins (14. gr.):

- 1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.**  
Haldnir voru sjö stjórnarfundir á árinu. Engin starfsemi var í fasteignum félagsins á árinu 2020.
- 2. Efnahags- og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.**  
Stjórn félagsins samþykkti ársreikning fyrir 2020 á fundi sínum 15. mars sl. og vísaði honum til aðalfundar.  
Tekjur á árinu 2020 voru engar, rekstrargjöld kr. 7.346.098. Rekstrartap var kr. 7.346.098 og hagnaður kr. 9.261.865.  
Skuldir og eigið fé var samtals kr. 61.950.869. Handbært fé nam kr. 5.285.840 og lækkaði það verulega.  
Ársreikningurinn samþykktur.
- 3. Kjör stjórnar og endurskoðenda.**
  - a) Í stjórn voru kjörin:  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason  
Anna Berglind Halldórsdóttir  
Guðmundur Gunnarsson  
Pálmi Jóhannsson  
Tryggvi Guðmundsson
  - b) Í varastjórn voru kjörin:  
Fyrsti varamaður Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Sigursteinn Hjartarson annar varamaður.
  - c) Endurskoðendur.  
Samþykkt að kjósa ekki endurskoðendur fyrir félagið en í stað þess voru Skúli Hreinn Guðbjartsson og Sigríður Huld Skúladóttir kjörin skoðunarmenn og til vara Ragnheiður Pálsdóttir og Jón Egill Jónsson.
- 4. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.**  
Fráfarandi stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður.

Tillaga stjórnar samþykkt.

**5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**

Fráfarandi stjórn leggur til að þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000 fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000 fyrir staðfundi, auk þess fái formaður 50% að auki.

Framkvæmdastjóri fái sömu þóknun og stjórnarmenn.

Eyjólfur leggur fram tillögu um að 50% viðbótargreiðsla falli niður.

Eftirfarandi samþykkt samhljóða:

Þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000 fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000 fyrir staðfundi. Framkvæmdastjóri fái sömu þóknun og stjórnarmenn.

**6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.**

Umræða um leigu eigna félagsins sumarið 2021. Vísað til stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:17.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 22.03.2021, 21:35

Anna Berglind Halldórsdóttir, 22.03.2021, 23:20

Guðmundur Gunnarsson, 24.03.2021, 19:04

Pálmi Jóhannsson, 29.03.2021, 11:36

Tryggvi Guðmundsson, 23.03.2021, 08:36

The image shows a handwritten signature in blue ink over a circular official stamp. The stamp contains the text "SVEITARSTJÓRI" at the top and "DALABYGGÐI" at the bottom. The signature is written across the stamp and extends to the right, where the name "Kristján Sturluson" is printed in black text.

Kristján Sturluson